

Alþingi  
Erindi nr. *Þ* 139/2589  
komudagur 20. 5. 2011



**VESTURBYGGÐ**

Aðalstræti 63  
450 Patreksfirði  
Sími 450-2300  
Bréfsími 456-1142



**Tálknafjörður**

Miðtún 1  
460 Tálknafjörður  
Sími 456-2539  
Bréfsími 456-2589

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti  
150 Reykjavík

**Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, 11. maí 2011.**


**Varðar: Sameiginleg umsögn bæjarstjórnar Vesturbyggðar og hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps vegna frumvarps til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60, 439.mál.**

Í tölvupósti frá Samgöngunefnd Alþingis, dags. 14.apríl 2011 er óskað eftir umsögn sveitarfélaganna um þingskjal 718 – 439.mál.

**Sveitarstjórnir Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps vilja koma eftirfarandi á framfæri vegna þessa:**

- *Veglagning um Vestfjarðaveg nr. 60 er algjört forgangsmál fyrir byggðirnar á svæðinu.*
- *Ástand Vestfjarðavegar nr. 60 er stórhættulegt eins og það er í dag. Eftir er að byggja upp 54 km á milli Bjarkalundar og Flókalundar.*
- *Leið B er á vegaáætlun. Sveitarfélögin telja það óskynsamlegt að breyta frá þeirri áætlun nema að því gefnu að fram komi tillaga sem er raunhæf og kvikar hvergi frá markmiðum B-leiðar. Fjölmennir íbúafundir og undirskriftarlistar, undirstrika kröfu íbúa og fyrirtækja um heilsársveg á láglandi.*
- *Leið B er samþykkt á svæðis- og aðalskipulagi Reykhólahrepps.*
- *Lagning Vestfjarðavegar nr. 60 er mikið hagsmunamál vegna lækkunar flutningskostnaðar og umferðaröryggis.*
- *Tafir á vegabótum veikja byggðirnar. Samkeppnisstaða sunnaverðra Vestfjarða um íbúa og fyrirtæki er stórlega skert. Það er staðreynd að íbúum hefur fækkað um 40% á síðustu 25 árum.*
- *Ástand Vestfjarðavegar nr. 60 er engan veginn í takt við vöxt ferðapjónustu á svæðinu og þarfir atvinnulífsins. Lagasetning þar sem vegagerð á svæðinu er heimiluð, virðist eina leiðin til þess að koma megi verkinu á framkvæmdastig. Minnt er á að fordæmi eru fyrir því að setja sérstök lög um málefni er varða almannahag.*
- *Vísað er til samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfjarða þar sem einróma var samþykkt að Vestfjarðavegur nr. 60 yrði settur í forgang.*

- Að öðru leyti er vísað í rökstuðning í greinargerð með lagafrumvarpinu, til gildandi Samgönguáætiunar og allrar annarar umfjöllunar á opinberum vettvangi sl. Áratug. Fjölmargra ályktana sveitarstjórna og landshlutasamtaka á Vestfjörðum þar sem hvatt er til vegabóta á svæðinu.
- Minnt er á að lög um mat á umhverfisáhrifum banna ekki framkvæmdir, heldur meta áhrif þeirra á umhverfið.
- Með mótvægisáðgerðum er dregið mjög úr umhverfisáhrifum, þetta staðfesti Hæstiréttur.
- Á þeim tíu árum sem liðin eru hafa komið fram rannsóknir t.d. á áhrifum þverana á firði sem Náttúrustofa Vestfjarða vinnur og vistfræði birkis unnið af Ásu L. Aradóttir. Báðar þessar rannsóknir styðja að mati undirritaðra við mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í frumvarpinu.
- Vilja stjórnvöld veg skv. B- leið, þrátt fyrir að umhverfisáhrif af framkvæmdinni séu nokkur ? Hvorki gildandi almenn löggjöf eða sérlög koma í veg fyrir það.
- Því hvetja sveitarstjórnirnar Samgöngunefnd Alþingis til að styðja við framkomið frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60 um Gufudalssveit.

Þetta tilkynnist hér með,  
  
 Ásthildur Sturludóttir,  
 VESTURBYGGÐ

 Oddviti-Tálknafjarðarhrepps  
 Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
 Sigþórsdóttir